

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 640/2021, um veiðar á makríl.

#### 1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% umfram aflamark í makríl á árinu 2021 og dregst sá umframaflí frá aflamarki þess á árinu 2022. Heimilt er að flytja allt að 15% aflamarks fiskiskips í makríl frá árinu 2021 til ársins 2022. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun samkvæmt B- og D-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. desember 2021.*

**Svandís Svavarsdóttir**

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.